

JARÐARBÖRN

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir



það tröllrið--ur allt þeirri trú----laus-u jörð sem treyst var oss
fyrir af Drottni var gjörð. Ef vilt-u nú bæta þann von-----litl-a
heim þú verð----ur að upp--ræt--a græðginn--ar sveim.

það finnast svo margir sem megna það vart
að mæta þeim vanda sem þjóðirnar snart
er upphófst sú venja að veita þeim mest
sem voru þó ríkir og höfðu það best.

En ágirndin takmörk sér á ekki nein.
Úr augum hins ríka hún hvarvetna skein.
"Ég eignast vil meira og ætla í stríð
og auðæfum safna hjá voluðum lýð."

Þá styrjaldir hófust og harðýðgin jókst
og heimsfriðnum granda loks einvöldum tókst.
Þeir kúguðu þjóðir sem máttu sín minnst.
Þær mannvönsku veraldar höfðu nú kynnst.

En trúin á Drottinn sá auður var einn
sem ekki gat rænt frá þeim harðstjóri neinn.
Um styrk til að bera sinn blýþunga kross
þær báðu þann Guð sem að skapaði oss.

Og loks, gegnum stríðandi styrjaldarnið
af stjórnsleysi ærðir, menn biðja um frið.
Þeir réttlætíð upphefja reyna um lönd
og rétta þeim hungruðu líknandi hönd.

En víða þó lifa í munandi menn
svo miskunnarlausir og gráðugir enn.
Þeir stíga með höfðingja Helvítis dans
og hlæja að bænum hins sveltandi manns.